

Stjórnarfundur Leiðsagnar haldinn 21. janúar 2020

Stjórnarfundur Leiðsagnar haldinn 21. janúar 2020 kl. 17 á skrifstofu félagsins á Stórhöfða 25
Mættir: Pétur Gauti Valgeirsson, Þorsteinn Svavar McKinstry, Vilborg Anna Björnsdóttir, Svabjörg H. Einarsdóttir, Óskar G. Kristjánsson, Guðný Margrét Emilsdóttir. Einnig sat Valdimar Leó framkvæmdastjóri félagsins fundinn og Ragnheiður Ármannsdóttir sat fyrri hluta fundar.

Nýr starfsmaður

Nýr starfsmaður kynntur. Ragnheiður Ármannsdóttir hefur verið ráðin í 50% starf á skrifstofu félagsins. Ragnheiður er leiðsögumaður til margra ára með próf frá MK, þá er hún með MA í alþjóðasamskiptum, BA próf í ensku og frönsku.

2. Skyndihjálparnámskeið í febrúar.

Skráning hefur verið góð og nú hafa um 80 manns skráð sig. Námskeiðin verða haldin 11. febr, 18 febr og 25. febr.

3. Nýtt tölvuumhverfi.

Öll gögn sem hægt er munu vistast í DK umhverfi og er vinna langt komin. Nokkur seinkun varði vegna mistaka í forritun sem nú hefur verið leiðrétt. Vilborg Anna stjórnarmaður í Leiðsögn er einnig grafískur hönnuður og var fenginn til að færa efni af eldri vefsíðu félagsins yfir á nýju síðuna og hanna útlit hennar að hluta. Þessari vinnu er að mestu lokið. Eftir er að klára Félagavef – mínar síðar og Launþegavef. Þessar síður bjóða félagsmönnum að hafa góða yfirsýn yfir öll sín mál og greiðslur hjá félaginu. Vefurinn verður að öllu óbreyttu opnaður á næstu vikum.

4. Nýtt húsnæði.

VM sem félag leiðsögumanna leigir hjá er að kaupa nýtt húsnæði á Stórhöfða sem m.a. mun hýsa Félag matvinnslumanna, Grafía, Flugfreyjufélag Íslands og hugsanlega fleiri félög. Félagi leiðsögumanna stendur til boða að fá húsnæði til leigu ásamt þessum félögum. Áður en endanleg ákvörðun verður tekin skal einnig skoða aðra kosta t.d. hvort laust húsnæði sé hjá ASÍ.

5. Vinnustaðaeftirlit,

Haft var samband við félagið vegna kínversks hópstjóra sem var staddur með hóp við Hörpu. Fulltrúar félags Leiðsögumanna, formaður og framkvæmdastóri, mættu á vettvang og einnig fulltrúi frá Vinnumálastofnun, lögreglu og ASÍ. Hópstjóri hafði ekki atvinnuleyfi á landinu en eftir nokkurn tíma kom tilkynning um að von væri á íslenskum leiðsögumann. Ákveðið var að fylgjast með ferðum hópsins og síðar sama dag stöðvaði lögreglan á Suðurnesjum rútuna og var enginn íslenskur leiðsögumaður um borð. Hópstjórar voru handteknir. Skv gögnum hefur fyrirtækið selt ferðir sínar og auglýst á vefsíðunni icelandtravel.com.cn.

6. Aðalfundur í lok apríl

Stefnt verður á að halda aðalfund þriðjud. 28. apríl. Þarf að finna hentugan sal, hefja undirbúning, skoða hvaða lagabreytingar þyrfti að leggja til o.fl. Ljóst að að skerpa þarf á félagsaðild upp á rétt til að kjósa á aðlafundi og, um kjarasamninga en einnig upp á afslætti við verslanir og fyrirtæki.

Þá þarf að boða fjlótlega til trúnaðarráðsfundar – vinnustaðaeftirlitsmál og fl.

Formaður og framkv.stj ætla að mæta á kynningarfund um móttöku kínverskra ferðamanna. Reyna á að fá fund með sendirherra Kína og ræða mál kínverskra leiðsögumanna, lög um atvinnuleyfi ofl.

7. Kæra á hendur Trölliferðum rædd stuttlega.

8. Kæra vegna ummæla fyrrverandi stjórnarmanns í garð Ferðamálskólans á Höfða. Samþykkt að reyna að leita sátta.

9. Námskeið fyrir stjórnarmenn. ASÍ býður upp á námskeið fyrir stjórnarmenn í verkalyðsfélögum um almennt hlutverk og stjórnarstörf, fundarstörf ofl. og einnig um fjárhag. Stjórn félagsins stefnir á að sækja námskeiðið.

10. Önnur mál.

- Hugmynd um að stofna framkvæmdaráð t.d. Formaður, framkvæmdastjóri og gjaldkeri.

Þegar þarf að taka ákvarðanir um útgjöld undir áveðinni upphæð ofl. Þ

Almenn þarf að auka formfestu með ákvarðanir og útgjöld til að mynda.

Fagfélag – rætt um að endurvekja félagið sem vissulega er hryggjarstykkið og stofnfélag félag íslenskar leiðsögumanna.

Skoða á hvort ekki væri áhugi á að gefa út sögu félagsins en félagið verður 50 ára eftir tvö ár.

Fundi lauk kl. 19.

Fundarritari SHE